

## Starfsreglur stjórnar Bakkahvammss hses – DRÖG

- Starfsreglur þessar eru settar samkvæmt 9. gr samþykktar fyrir Bakkahvamm hses.
- Stjórnarfundur skal halda svo oft sem þörf krefur. Formaður boðar til stjórnarfunda og sér til þess að aðrir stjórnarmenn séu boðaðir. Stjórnarfundur skal og jafnan halda ef einhver stjórnarmanna krefst þess.
- Sveitarstjóri á sæti á fundum stjórnarinnar og hefur þar umræðu- og tillögurétt, nema stjórnin ákveði annað í einstökum tilfellum.
- Stjórnin getur heimilað öðrum starfsmönnum að sitja stjórnarfundum.
- Boða skal til stjórnarfunda með skemmst 2ja daga fyrirvara. Boða má þó fund með skemmri fyrirvara ef sérstakar ástæður gera það nauðsynlegt. Hægt er að boða til símafundar um einstök málefni sem nauðsyn ber til að hljóti umfjöllun strax. Stjórnin er ákvörðunarbær þegar meirihluti stjórnarmanna sækir fund. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi haft tæk á því að fjalla um málið, sé þess kostur.
- Formaður stjórnar fundum félagsstjórnar.
- Afl atkvæða ræður afgreiðslu mála á stjórnarfundum.
- Stjórnarlaun eru ekki greidd.

Samþykkt á fundi stjórnar  
Bakkahvammss hses 27.02.2020

  
SVEITARSTJÓRI  
DALABYGGÐAR